

Berist til allsherjar- og menntamálanefndar

Reykjavík, 16. mars 2021.

### Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um bann við barnahjónabandi

Frumvarp til laga um bann við barnahjónabandi styður við markmið UNICEF og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, verði lagðir niður fyrir árið 2030. Barnahjónaböndum á heimsvísu hefur fækkað um 15% síðastliðinn áratug en þessi árangur er nú í hættu vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins, samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF: [COVID-19: A threat to progress against child marriage](#).

UNICEF á Íslandi tekur undir með umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands og telur brýnt að Ísland uppfylli tilmæli Evrópuráðsins um þvinguð hjónabönd og barnahjónabönd. Þannig fylgi Ísland fordæmi annarra Norðurlanda „sem hafa gert breytingar á sambærilegum lagaákvæðum um hjúskap eða hafið endurskoðun á gildandi löggjöf með það að markmiði að afnema undanþágur vegna aldurs til þess að ganga í hjúskap.“

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn um barnahjónabönd á Íslandi segir að frá því að lögræðisaldur var hækkaður í 18 ár árið 1998 hafi 18 undanþágur frá aldursskilyrðum hjúskaparlaga til að ganga í hjónaband verið veittar á Íslandi vegna barna á aldrinum 16 - 17 ára. Þar af voru 17 undanþágur vegna stúlkna og 1 vegna drengs. Í sameiginlegri skýrslu UNICEF á Íslandi og átta annarra frjálsra félagasamtaka til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna segir að erfitt sé að hugsa sér aðstæður í nútímasamfélagi sem kalla á nauðsyn þess að halda slíkri undanþágu í lögum. Mæla félagasamtökin með því að undanþáguákvæði sem heimilar barni að ganga í hjónaband með samþykki forsjáforeldris og leyfi ráðuneytis sé fellt út.

Virðingarfyllst,



---

Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi